

Styttan mun lifa borgina

Á Útsölum á Seltjarnarnesi, þar sem þau búa Ólöf Pálsdóttir myndhöggvari og Sigurður Bjarnason fyrrum ritstjóri Morgunblaðsins og síðar sendiherra í Kaupmannahöfn og London, er listin hvert sem litíð er. Þar eru ekki færri

en þrjú bókaherbergi, veggir þaktr málverk um eða teikningum; aftur á móti verður maður að gá vel í kríngum sig til þess að sjá eitthvað eftir Ólöfu. Hún lætur ekki verk sín yfirgefa eitt eða neitt á sínu eigin heimili, en hefur þess í stað uppi myndir eftir ýmsa vini sína. Þarna er myndlist, sem þau hjón hafa eignast með árunum, til dæmis geysilega áleitinn mynd eftir Færeyinginn Mykines. Stærst er hraunmynd eftir Kjarval, eitt af meistaraverkum hans, en starsýnast varð mér þó á ómerkta mynd, sem er engu lík. Hún er af viðáttumikilli grámosa-hraunbreiðu og þegar betur er að gáð sjást menn og hestar í lest, sem fetar sig yfir hraunið, en fellur að mestu saman við. Bakvið er hreinn og klár, blár himinn, tvö grá fell og eitt blátt. Ég varð að viðurkenna að ég kannaðist ekki við málaraann og spurði Ólöfu. Þá kom í ljós að myndin er eftir afa hennar, Ólaf Ólafsson, prófast í Hjarðarholti í Dölum. Í framhaldi af því spurði ég Ólöfu nánar um ætt hennar og uppruna.

„Afi minn, séra Ólafur í Hjarðarholti, skýrði mig og ég var látin heita í höfuðið á honum“, segir Ólöf. „Ég held að hann hafi eitthvað byrjað að mála í Hjarðarholti, en fyrst og fremst varð það vídfangsefni hans eftir að hann hætti prestskap og flutti til Reykjavíkur. Ég var tíður gestur þar í minni barnæsku; lærði að lesa hjá honum í bókaherberginu og man að þá stóð alltaf



ÓLÖF með foreldrum sínum, Páli Ólafssyni og Hildi Stefánsdóttur.

málverk á trönum og ég finn enn í minningunni þessa sérstöku angan af olfulitum.

Ólafur afi minn var frá Hafnarfirði og í minjasafninu þar eru varðveittar sögulegar myndir úr Firðinum eftir hann. Annars er það sem eftir hann liggur fyrst og fremst í eigu ættingja hans og afkomenda.

Heldur þú kannski að myndlistarhæfileikar þínir séu frá honum komnir?

Það veit ég að sjálfsögðu ekki, kannski gætu þeir verið frá Hildi móður minni sem var afurða listræn í sér og hafði inngróinn og öruggan smekk á listræn efni. Hún var dóttir þessa Stefáns M. Jónssonar á Auðkúlu, sem var annalað glæsímenni, mikill söngmaður og lék á fiölu. Hann var faðir Hilmars bankastjóra í Búnaðarbankanum sem margir kannast við, Lárusar sem einnig vann í bankanum, og Eiríks prófests á Torfastöðum í Biskupstungum og Björns prófests á Auðkúlu. Það verður vart þverfót að fyrir prestum í ættinni.

Páll faðir minn, sonur séra Ólafs í Hjarðarholti, hefði ugglaustr orðið góður prestur ef hann hefði kosið það. En hugur hans stóð til verkefna og viðskiptalegra umsvifa. Hann gerðist útgerðarmaður, átti margar jarðir, og varð síðan fyrsti ræðismaður Íslands í Færeyjum. Faðir minn varð um tviugt kaupfélagstjóri í Búðardal og síðar framkvæmdastjóri Kárafélagsins, sem rak útgerðarstöð í Viðey og var brautryðjandi í togarútgerð.

En það er líka gaman að geta þess, að hann var sportmaður í beztu merkingu þess orðs. Foreldrar mínir áttu gæðinga og iðkuðu hestamennsku sem spírótt. Pabbi veiddi lax á stöng, eingöngu uppá sport, þó sú afstaða væri þá næsta óþekkt hér. Páll faðir minn þótti fagað glæsímenni, jafnvel eftir að hann var orðinn aldraður maður. Ekki

reynði hann að mála eins og faðir hans, en tónlist og ljóðlist voru yndi hans. Sjálfur samdi hann mikið af lögum, lék á píanó og var orðinn organisti í kirkju föður síns 15 ára. Hann lézt hjá okkur úti í Kaupmannahöfn 1971, þá 83 ára.

Við systkinin fimm ólumst upp í mjög listrænu og listlesku umhverfi og ekki var það sízt tónlist sem við nutum saman; foreldrar mínir áttu gott safn af klassískum tónverkum á plötum. Og þau áttu gott bókasafn.

Heldur þú ekki að barnæska þín hafi verið nokkuð frábrugðin því sem almennt gerðist þá?

„Við bjuggum að minnsta kosti á ýmsum óvenjulegum stöðum, svo sem úti í Viðey, þegar faðir minn lagði upp og rak útgerðarstöðina á austurbakka eyjarinnar sem nú sést ekkert eftir af. Ég var kornung þá; þó man ég aðeins eftir mér þar. Á veturna bjuggum við hinsvegar á Hólavöllum og mín fyrsta skólaganga var í Landakotsskólanum. Þá þekktist varla að fólk ætti sumar-bústaði, en faðir minn tók á leigu hálf tónn á Bessastöðum til þeirra nota. Stundum vorum við líka í sumarvöl í Reykholtsskóla í Biskupstungum.“

Ég minnstist á það við Ólöfu að þessi lýsing á uppvextinum gæfi ótvírætt til kynna, að hún hefði notið yfirstéttar uppeldis, þegar miðað er við það almenna á þessum tíma. Hún sagði að það væri hugsanlega rétt, en sér hefði samt ekki þótt það neitt sérstakt.

„Ætli það sé ekki gamla sagan, að þeim sem býr við gott atlati þykir það sjálfsagt og eðlilegt. Annars fylgdi því langt í frá alltaf fjárhagslegt öryggi að vera meðal frumherja Íslensksrar útgerðar á þessum tímum eins og faðir minn var og ég fór að vinna fyrir mér strax að loknu námi í Verzi-

Rætt við ÓLÖFU PÁLSDÓTTUR myndhöggvara sem nam höggmyndalist m.a. við Akademið í Kaupmannahöfn og síðar hlaut hún gullverðlaun Konunglega listaskólans og hefur verið gerð að heiðursfélagi í Konunglega brezka myndhöggvarafélaginu.



BALLERÍNA. Í eigu Gentofte-bæjar í Danmörku.



TÓNLISTARMADURINN (Erling Blöndal Bengtsson) Myndin er á Hagatorgi í Reykjavík.

Eftir GÍSLA SIGURÐSSON



ÓLÖF vinnur við gullmedalufverk sitt 1955. Heiti verksins er Sonur.



ÓLÖF með Júlíönu Sveinsdóttur listmálara, um 1958.

unarskóla Íslands. Ég vann á skrifstofum hér heima, í Danmörku og í Færeyjum. Á námsárunum í Kaupmannahöfn fékkst ég við kennslu, m.a. í Handíða- og myndlistaskóla Íslands. Löngu seinna þegar við fluttum heim frá London, var mér boðið að kenna aftur í Myndlista- og handíðaskólanum eins og hann heitir nú og sé eftir að hafa ekki verið í aðstöðu til að þiggja það boð.

Seinna varð faðir minn ræðismaður í Færeyjum. Hann flutti þangað um tíma og ég með honum, ein þr fjölskyldunn. Hann ætlaði sér að setja upp stóra verksmíðu í Færeyjum, en stríðið kom í veg fyrir það og við feðginin lifðum víðburðaríkan tíma í Þórshöfn á stríðsárunum.

„En hvar í uppveitinum komum við að þeim punkti, að Ólöf Pálsdóttir sjái eitthvað sem orkar myndrænt svo sterkt á hana, að hún ákveður að gerast myndhöggvari?“

„Frá því ég var barn hef ég hugsað mikið um form, án þess að ég viti hversvegna. Til dæmis man ég vel, að þegar móðir mín var að kenna mér að lesa og studdi fingri við línuina, tók ég miklu meira eftir forminu á hennar einstaklega fögru hendi en því sem hún sagði. Og oft lagðist ég á jörðina og rannsakaði form skjöfnanna.“

Á æskuheimili mínu voru málverk sem ég velti talsvert fyrir mér. Ég dansaði mikið og hugleiddi að verða dansari. En mér var strítt með balletdraumum mínum, svo ég gaf þá frá mér. Og það er skrytið, að það var í gegnum bókmenntir - bækur um höggmyndalist - að alvarlegur áhugi vaknaði. Reyndar man ég alveg eftir þeirri stund hér í Reykjavík; ég líklega 19 ára. Þá lá ég uppi í rúmi, var að bláða í slíkrri bók og sagði við sjálfa mig: Þetta ætla ég út í.

Ég fór reyndar fyrst utan með foreldrum mínum til Kaupmannahafnar þegar ég var 16 ára; kom þá í Glyptotekið og sá Den lille Havfrue. Sú mynd kveikti ekki neinn neista í mér þá og hefur aldrei hrifið mig sem skulptúr. Líklega er hún of sæt fyrir minn smekk.

En eftir að ég hafði tekið mína ákvörðun, lifðu enn nokkur ár þar til ég lét drauminn ræstast. Það var í Kaupmannahöfn; þar fór ég í mitt fyrsta alvarlega myndlistarnám. Eftir ráðgjöf Júlíönu Sveinsdóttur listmálara byrjaði ég í Frederiksbergs Tekniskule. En síðan lá leiðin í Konunglega listháskólann.

Ólöf hefur fengið eftirsóknarverðar viðurkenningar fyrir list sína. Hún hlaut Gullmedal, eða gullverðlaun Konunglega listaskólans í Kaupmannahöfn fyrir höggmyndina



BRJÓSTMYND af Matthiasi Þórðarsyni. Hann var hafnarskólamáður í Danmörku og var bróðir Björns Þórðarsonar forsætisráðherra.

„Sonur“, sem nú er í eigu Listasafns Íslands. Hún var sæmd Hinni íslensku fálkaröru 1970 og kjörin, ein örfára, heiðursfélagi í Konunglega brezka myndhöggvarafélaginu 1986.

Ólöf er félagi í Billedkunsternes Forbund og Kvindelig Kunstnersamfund í Danmörku. Þá var hún ein af stofnendum hins þekktu norræna listamannahóps „Den Nordiske“ sem sýndi annað hvert ár, ýmist á Charlottenborg eða „Den Frie“ í Kaupmannahöfn. Einnig var hún félagi í „Lille Gruppe“ í Kaupmannahöfn og sýndi einnig oft með þeim á Den Frie. Þá er Ólöf einnig í Félagi íslenskra myndlistar manna og Myndhöggvarafélagi Íslands.

Hún hefur gegnum tíðina sett upp fjölda sýninga, t.d. Den Nordiske í Norræna Húsinu ásamt Tryggva Ólafssyni, sérstaka kvennasýningu í húsi Jóns Sigurssonar í Kaupmannahöfn - þá fyrstu sem þar var haldin - og sýninguna íslensk myndlist á norrænni menningarviku í Taastруп. Í þeirri sýningu tóku 18 íslenskir málara þátt og var Ólöf verndari sýningarinnar og jafnframt fulltrúi íslenskra myndhöggvara þar. Höggmyndir eftir Ólöfu er að finna víða

um lönd, jafnt í eigu einstaklinga sem opinberra aðila, m.a. í eigu Listasafns Íslands, Reykjavíkurborgar, Listasafnsins í Færeyjum og auk þess í ráðhúsinu í Gentofte í Kaupmannahöfn, ráðhúsinu í Árósum, Búnaðarbankanum, Verzlunarskólanum, Skóga-skóla og Norræna Húsinu.

Hún hefur fengið marga og góða styrki til að stunda list sína, þar á meðal Menningarstyrk frá ríkisstjórnun í Finnlandi, Ítalíu og Danmörku og styrk Edwards Munchs í Noregi.

Íslenskir listamannalaun hefur hún fengið síðan fyrir 1970 og verk hennar hafa selzt hjá því heimskunna uppboðsfyrirtæki Christie's. Í flestum mestu og merkustu sýningaröllum Danmerkur hefur hún sýnt t.d., Louisiana, Charlottenborg og Den Frie. Auk þess hefur hún sýnt á hinum Norðurlöndunum, í Austur og Vestur Þýskalandi, í Róm, í París og London, - og að sjálf-sögu hér heima.

Oneitanlega er þetta glæsilegur ferill, en hvernig hafa bræður og systur í listinni hér á Íslandi tekið þessum sigrum Ólafar? Hafa þeir orðið fagnaðarefni, eða kallað á öfund? „Ég á marga góða vini meðal listamanna hér heima og ekki síður erlendis“, segir Ólöf, „en tveir af þeim síðartöldu, Ingálfrur af Reyni og Svend Wiig Hansen hafa einmitt nýlega haldið sýningar í Reykjavík og var gaman að hitta þá aftur. Íslenskir myndhöggvarar voru ekki fjölmennur hópur þegar ég var að feta fyrstu sporin á þeirri braut, en Ásmundur Sveinsson reyndist mér vel og ég sakna vinar míns Jóns Gunnars Árnasonar mikið úr hópi núlifandi myndhöggvara.“

Þú spyrð um öfund. Ég hef vissulega fengið að kenna á öfundssýki, en minnst af henni hefur komið frá öðrum listamönnum, heldur þaðan sem stítt skyldi. Þegar ég gifti mig gaf það líka þeim sem það vildu, tilfelli til að skrifa allt mál og reikning á stöðu mannsins míns í stjórnáttum og fjölmöldum. Þegar ég fékk góða dóma í erlendum ströblöðum þá mátti eitthvað ekki segja frá því hér heima, en ef eitthvað síðast út, voru alltaf einhverjir sem létu eins og það væri öðru að þakka en mínum eigin hæfileikum. Menn á borð við Jan Zibrandtsen og Pierre Lübeker, aðalgaðagnýendur Berlinske Tidende og Politiken, virtustu og ströngustu gaðagnýendur Dana á sínum tíma, vissu hinsvegar ekki á mér nein persónuleg deili þegar þeir hófu að fjalla um verk mín, enda hefði slíkt varla skipt á miklu máli.“

„Ég hefði haldið að öreyndu, að það

væru viss forréttindi að vera kona í samstarfi við listamenn; ekki stítt þegar það eru aðallega karlar. Íslenskar listakonur voru ekki ykja fjölmennur hópur hér fyrr á árum og þá virðist eðlilegra, að þið nýtuð góðs af því.“

Það var nú frekar á brattann að sækja fyrir konur og mun stærri og erfiðari ákvörðun fyrir þær en karlana að fara út í listnámi. Margar konur, sem helguðu sig listinni, fórnðu öllu sem hét fjölskyldulíf en ég átti hins vegar ung börn og mann í krefjandi, opinberu starfi á allt öðrum vettvangi og féll m.a. þess vegna ekki hér heima inn í „stereótýpiska“ mynd af því hvernig listakona „átti“ að vera. Í dag þykir konum til inntekta að standa sig á mörgum ólíkum veggstöðvum, en þá ýtti það frekar undir fordóma gaðagnar þeim. Ragnar Jónsson benti reyndar einhverju sinni á þetta í blaðagrein sem hann skrifaði um mig, en hann var maður með mikið innsæi og reyndist mér einstaklega vel eins og fleiri listamönnum.“



Er það ekki rétt að þú hefur oftast fengið góða dóma, bæði erlendis og hér heima?

„Jú, enda hef ég verið svo lengi erlendis. Eiginlega fluttist ég ekki heim fyrr en 1956 og síðan fluttum við út aftur 1970. Sú úti-veisla, bæði í Kaupmannahöfn og London, entist í nær 15 ár.“

Hér er ekki hægt að gefa nema örlítið sýnishorn af því sem ritað hefur verið um list Ólafar Pálsdóttur á löngum og glæstum ferli. En í gaðagnrýni um sýningu Myndhöggvarafélagsins á Korpúlfstöðum sem birtist í Morgunblaðinu í nóvember 1989, segir Bragi Ásgeirsson m.a.: „Þetta er fjölbreytleg sýning, sem félagsmenn hafa sett upp, allt frá klassískum verkum Ólafar Pálsdóttur til róttækra verka yngstu kynslóðarinnar.“ „Það má víst of mikið af öllu gera og þótt fjarska gaman sé að vera með í öllu því sem er að gerast í nýlistum í heiminum, þá þarf formrænn neisti að vera að baki allri myndsköpun - eitthvað sem gerandinn hefur upplifað og er aftrástr mikils erfiðis og rannsókn á grundvallaratriðum myndlistarinnar.“

Þannig verður það róandi að nema staðar við sigild vinnubrögð eins og þau birtast í verkum Ólafar Pálsdóttur, og minnst þess að mannslikaminn býr yfir mjög fullkomnum stærðfræðilögum mála og leysir meira að segja nær óleysanlega reikniþraut, sem var Grikkjum ráðgáta til forna.

Þeir sem hafa rannsakað þessi lögmál í eigin vinnubrögðum árum saman hafa svo



HALLDÓR Laxness situr fyrir hjá Ólöfu 1967. Myndina gaf Ragnar Jónsson Þjóðleikhúsinu á 70 ára afmæli skáldsins. Hún var sett upp í Kristalssal Þjóðleikhússins - og þaðan hvarf hún.

seinna umbílt rýmislistinni, svo sem öll þróunarsaga núlsta segir okkur. Það er þessi upprunalega kenni, sem ég sakna iðulega í verkum ungra listamanna, hversu vel sem þau eru útfærð, og þá er höggmyndalistin komin ískuggilega nálægt því að heyrast undir hugtakið hönnun.

Undir fyrirsögninni „Íslenskt atgervi“ í Berlinske Tidende í janúar, 1969, segir hinn þekkti gagnrýnandi Jan Zibrandtsen um þátt Ólafar í sýningu Lille Gruppe: „Í þetta sinn hefur höpnum bæzt góður lífsauki með hinum íslenska myndhöggvara Ólöfu Pálsdóttur. Sá valkostur styrkir höpinn til muna, ekki eingöngu vegna þess að Ólöf Pálsdóttir er af afar hæfileikaríkum listamaður og verðugur fulltrúi íslenskrar listar, heldur einnig vegna þess að nærvera hennar á sýningunni skapar betra jafnvægi milli málverka, höggmynda og leirmuna, sem kemur öllum til góða.“

Höggmyndir Ólafar Pálsdóttur varpa ljósi á ávinninga hennar og þroskaferil á árunum sem eru liðin síðan hún hlaut gullverðlaun Konunglegru listaakademíunnar í Kaupmannahöfn á sjötta áratugnum fyrir höggmynd sína af ungum karlmanni í sitjandi stöðu með útbreiddan faðminn. Þetta gullverðlaunaverk Ólafar sást síðast á sýningunni á Louisiana og það hefur alltaf verið álitid framúrskarandi listaverk. En það er næstum því ótrúlegt hvernig manni birtast nýjar víddir í þessu listaverki í hvert sinn sem það er lítið augum. Formið í þessum skúlptúr er svo lifandi, í senn þétt og fjarlægð.

Höggmyndin Sonur, sem Zibrandtsen fjallar hér um, er í eigu Listasafns Íslands, en hefur af einhverjum ástæðum ekki sést þar um árabli. Zibrandtsen heldur áfram að tala um fegurð, þokka og innri styrk verka Ólafar á borð við „Grétu“ og „Ballerínu“ og ekki síður sannferandi höggmyndalegt gildi portretverka listakonunnar.

Brjóstmyndir Ólafar eru merkur kafi á listferli hennar sem fjöldi gagnrýnenda hefur lofað. Svo gripið sé niður í sýnishorn af þeirri umfjöllun, þá segir Emil Horbov í Roskilde Tidende 1970: „Orkan í verkum Ólafar Pálsdóttur vekur aðdáun og virðingu áhorfandans. Langbestu verk hennar eru brjóstmyndin af Halldóri Laxness og myndir hennar af íslenskum bestum í vetrarbúningi. Þær eru höggmyndir á háu stigi.“

E. Moseg J. í Vendyssel Tidende skrifar árið 1970: „Höggmyndir Ólafar Pálsdóttur, t.d. brjóstmyndir hennar, einkennast af dirfsku og persónulegu sjálfstæði listakonunnar.“

Erik Clemensen segir í Kristeligt Dagblad árið 1970: „Skilningur listamannsins á brjóstmyndinni er í ætt við hinar fornu etrusku krukku, sem geymdu ösku framliðinna, en þessar krukku eru einnig mótaðar sem mannsöfn. Hér fjöllum við um nokkuð sem er aldargamalt að uppruna og sem færir okkur heim sanninn á orðum franska ljóðskáldsins Gautiers, „La buste survit à la cité“ - (stytta mun lifa borgina).“



MYNDHÖGGVARINN í öðru hlutverki: Hjónin Ólöf Pálsdóttir og Sigurður Bjarnason frá Vigur, þá sendiherra Íslands í London, hér á leið til þingsetningar í Brezka þinginu.



ÚTIGANGSHESTUR. Í eigu Norræna Hússins.

Listvinurinn og útgefandinn Ragnar Jónsson gaf Þjóðleikhúsinu bronsastöfpu af brjóstmynd Ólafar af Halldóri Laxness árið 1972. Þaðan var henni síðan stolið og hefur hún ekki verið sett þar upp aftur.

Þegar Ólöf hélt sýningu á verkum sínum í London árið 1982 skrifaði hinn þekkti listfræðingur, H. Handler m.a. í sýningar-skrána:

„Beinskeytnin og krafturinn í höggmyndum Ólafar Pálsdóttur, ásamt með ríki tilfinningu hennar fyrir mönnum og dýrum, gera þennan listamann að einstæðum myndhöggvara. Föst og skýr lína hennar, leit hennar að heildarleika, veita verkunum afl og senda skilaboð um samúð vegna einsemðar hvers og eins; bera um leið með sér til áhorfandans tilfinningu friðar og óhákvæmilegra órlaga.“

Pierre Lübecker aðal listgagnrýnandi danska stórbladsins Politiken, fjallaði oft um list Ólafar Pálsdóttur og sagði m.a.: „Ólöf Pálsdóttir hefur alltaf getað vakið athygli með list sinni í þau fáu skipti þegar verk hennar hafa verið sýnd hér á landi. Hún hefur mjög persónulegan tjáningarmáta og beygir sig ekki fyrir því venjubundna.“

Dirfskan í myndmáli hennar er það sem skiptir sköpum; skilvit hennar á heilleika forms og því sjálfsprottna. Það er einhverskonar arkaiskur einfaldleiki í verkum hennar og byggður á djúpri tilfinningu, næstum óskammfeillinn, hún þráir að veita öðrum það sem hún sjálf var svo gagnþekin af.“

Á Akademíunni var Ólöf nemandi hjá þeim fræga manni prófessor Utzon Frank. Eg las nýlega gamalt viðtal við hann, þar sem kemur fram að Danir hafa borið mikla virðingu fyrir honum. Vinnustofa hans var í konunglegru Akademíunni og eftir myndum að dæma hefur hún verið mjög stór. En hvernig var Utzon Frank? Um það spurði ég Ólöfu.

„Hann var nú tekinn að eldast og þreyttast þegar ég var hjá honum. En því verður ekki neitað að hann kunnir óhemju mikili. Þó var hann ekki einn þeirra kennara sem alveg halda sínum stíl að nemendum. En hann var strangur. Og það varð alltaf hljótt þegar hann kom inn. Orð hans voru lög. Samt hefði hann held ég tekið því vel, ef maður hefði verið ósamála og mótmælt því sem hann hélt fram, en það þorðu fáir.“

Þarna fékkstu þessi eftirsóttu gullverðlaun. Hvernig bar það til?

„Þetta er sérstök samkeppni og í henni gátu allir nemendur tekið þátt. Gullverðlaunin voru veitt fyrir mannsmynd í fullri stærð eða lágmynd. Afhendingin var haldin hátíðleg með flúrarmikilli veizlu, þar sem kóngur og drottning afhentu gullverðlaunin og við það tækifæri sagði drottningin við mig: „Hvordan kan man se sådan ud og være billedhugger?“ En ég var í ljósum perulusamúðum þalkjöf með berar axlir og samræmdest greinilega ekki hugmyndum hennar hátígnar um útlit kvenkyms myndhöggvara.“

Svo fór að allir prófessorarnir greiddu mér atkvæði og auðvitað var það stórkostlegt fyrir mig. Því miður á ég ekki eina einustu ljósmynd af þessum atburði og eftir afhendinguna lét ég engan blaðamann ná til mín.

En þessi verðlaun mín voru ekki öllum til gleði. Einn íslenskur listamaður, nokkuð eldri en ég, sem starfaði í Danmörku um tíma átti mjög erfitt með að kyngja því og reyndi eftir þetta itrekað að brjóta verk eftir mig.

Finnst hér núna, að þinn stíll hafi verið fullmótaður eftir dvölina í Kaupmannahöfn?

„Nei, enda tók þá við margbreytilegt annað nám á öllum stöðum; m.a. hjá prófessor Ramses Wissa Wassef í Egyptalandi og prófessor Fazzini á Ítalíu. Það er langt í frá að ég hafi eingöngu haldið mig við það sem kennt var í Konunglegru Akademíunni. Síðan hef ég farið út í meiri einföldun. Eg gef mikið fyrir það einfalda, að segja það sem segja þarf með sem læstum smáatriðum. Sumir kalla þetta nýklassísk, hugtak sem ég er nú ekki fyllilega sátt við. Þó get ég að vissu marki tekið undir að skilgreina það svo að verkin séu áfram klassísk, en hafi samt hrist af sér ákveðnar viðjar.“

Ég legg mikið áherzlu á hið innra form, á „volume“ eða rými og í ofanlaga hugsa ég talsvert líkt og arkitekt. Þetta er ekki frásagnarleg höggmyndalist eins og til dæmis hjá Einari Jónssyni. Og fyrst við erum farin að tala um Einar Jónsson, þá minnst ég þess hve elskulega hann tók mér þegar ég heimsótti hann eitt sinn þegar ég var heima í jólaeyfi frá námi í Kaupmannahöfn. Að þeirri heimsókn lokinni fylgdi Einar mér út í snevi þaknan garðinn við Hnitbjörg og það guð að blessa mig. Seinna frétti ég að hann hefði alltaf fylgst mjög vel með mér og sagt það trú sína að ég ætti eftir að endurnýja klassisismann.“